

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdísi Sif Sigurðardóttur
Dags. 18. janúar 2019
Mnr. 2017050109



ÍSAFJARÐARBÆR

Tungumálatöfrar - styrkur 2019

Með bréfi Önnu Hildar Hildibrandsdóttur, Matthildar Helgadóttur Jónudóttur og Vaidu Braziunaite, forsvarsmanna Tungumálatöfra, dags. 3. október 2018, var óskað eftir fjárframlagi til verkefnisins á árinu 2019. Á 1033. fundi bæjarráð sem haldinn var 8. október sl. var bærstjóra falið að undirbúa afgreiðslu beiðnarinnar og vísa til fjárhagsáætlunar 2019.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir kr. 600.000,- styrk til verkefnisins í samræmi við það sem kom fram við vinnslu fjárhagsáætlunarinnar.

Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á styrkfjárhæðinni til að geta gengið frá styrkveitingunni til styrkþega.